



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369. Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Alþingi nefndarsvið
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 19. október 2018
1810053 RII

Efni: Umsögn bæjarráðs Vesturbyggðar um frumvarp til laga um veiðigjöld.

Bæjarráð Vesturbyggðar gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um veiðigjöld. Sjávarútvegur í sveitarfélaginu hefur verið undirstaða byggðar um langt árabil og mikill burðastólpi í samfélaginu. Þá er sjávarútvegur mikilvægur hluti af þeirri atvinnuflöru sem í sveitarfélaginu er að finna. Mikilvægt er því að rekstrarskilyrði þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem stunda starfsemi í sveitarfélaginu verði ekki of íþyngjandi þannig að þau geti stundað sína framleiðslu áfram.

Markmið um trausta atvinnu og byggð í landinu

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er markmið laganna að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu en allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða veiðigjöld. Að mati bæjarráðs Vesturbyggðar er markmiði þessu ekki gætt í frumvarpinu. Þær forsendur sem frumvarp til laga um veiðigjöld mælir fyrir um eru ákaflega íþyngjandi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í sveitarfélaginu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður mun það leiða til þess að enn frekar verði dregið úr traustri atvinnu og byggð í landinu í bága við markmið laga um stjórn fiskveiða.

Rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja í sveitarfélaginu eru nú þegar erfð vegna aðgerða eða aðgerðaleysis stjórnvalda m.a. vegna lélegra samgangna, háum opinberum gjöldum og flutningskostnaði. Þá hafa tekjur sjávarútvegsfyrirtækja í sveitarfélaginu einnig lækkað umtalsvert, m.a. vegna verðlags sjávarafurða í íslenskum krónum og hækkun launavísitölu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna þyngjast enn frekar og mun það leiða til þess að gripa þurfi til hagræðingar í rekstri sem getur haft óafturkræf áhrif fyrir byggð í Vesturbyggð, m.a. með fækkun beinna og afleiddra starfa í sjávarútvegi í sveitarfélaginu.



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369. Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fritekjumark

Í frumvarpinu er mælt fyrir um óbreytt fritekjumark veiðigjalds skv. 6. gr. frumvarpsins, en tilgangur þess er að koma til móts við sjónarmið um ólík áhrif veiðigjalds á byggðir landsins sem og smá og meðalstór fyrirtæki í sjávarútvegi. Þannig verði við álagningu veiðigjalds fritekjumark 20% af fyrstu 4,5 millj. kr. álagningar hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila og 15% af næstu 4,5 millj. kr. álagningarinnar. Bæjarráð gerir alvarlegar athugasemdir við þær forsendur sem fritekjumarkið er miðað við og bendir á að slíkt mark nýtist með engu móti meðalstórum útgerðum í sveitarfélaginu. Lagt er því til að fritekjumarkið verði hækkað verulega, þannig að ákvæðið nái fram tilgangi sínum.

Bæjarráð Vesturbyggðar hvetur atvinnuveganefnd Alþingis til að tryggja að markmið laga um stjórn fiskveða sé gætt við afgreiðslu frumvarpsins, þannig að álagning veiðigjalda á sjávarútvegsfyrirtæki ógni ekki byggð og störfum innan sveitarfélagsins með óafturkræfum hætti.

Virðingarfyllt


Rebekka Hilmarisdóttir,
Bæjarstjóri Vesturbyggðar